

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Rangárþingi eystra.**

1. gr.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphörgunar- og sorphirðugjald) sbr. samþykkt nr. 137/2005.

2. gr.

Á íbúðarhús, sumarhús, öll fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skal sveitarstjórn skipa í flokka m.a. eftir áætluðu magni úrgangs.

Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

1. flokkur	Sorphreinsunargjald á íbúð/m.v. eina tunnu	kr. 17.205
2. flokkur	Sorpeyðingargjald, sumarhús	kr. 6.099
3. flokkur	Fyrirtæki m.v. 1 tunnu (margfeldi í gámum)	kr. 17.205
	Tunnugjald pr. 1 stk.	kr. 439

3. gr.

Sorphirðugjald greiðist til sveitarsjóðs Rangárþings eystra og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Rangárþingi eystra, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings eystra og samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands, er hér með staðfest í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum.

5. gr.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Gjöld uppfærast til samræmis við breytingu á vísitölu neysluverðs án húsnæðis miðað við 1. desember ár hvert.

*Hvolsvelli, 13. mars 2009.*

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,  
**Ágúst Ingi Ólafsson** skrifstofustjóri.